

Reykjavíkurborg  
Haraldur Sigurðsson  
Skúlatúni 2  
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. september 2013  
Tilvísun: UST20130800048/ksj

## Tillaga að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 - 2030.

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er barst 12. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030.

### Helstu áherslur og breytingar í nýju aðalskipulagi

Nýtt aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 hefur verið í vinnslu í nokkur ár. Megin breytingin, efnislega séð felst í aukinni áherslu á þéttingu byggðar og þar með breytta forgangsröðun svæða. Umhverfisstofnun tekur undir markmið endurskoðunar, sem eru talin upp sem leiðarljós, ekki síst markmiðin um að: „*Að stuðla að sjálfbærri og hagkvæmri þróun byggðar,*“ og að „*Vistvænar samgöngur verði efldar*“.

### Stefna í samgöngumálum

Umhverfisstofnun telur stefnu um að auka hlutdeild s.k. breyttra ferðavenja (strætó, gangandi, hjólandi og hlaupandi) jákvæða og mun stefnan stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda, minni hávaða og önnur mengun verður einnig minni ef vel tekst til.

### Mýrargata

Farið er yfir kosti er varða Mýrargötu þ.e. hvort lega Mýrargötu verði óbreytt og landfyllingum við Ánanaust og Örfirisey verði sleppt eða Mýrargata verði lögð í stokk og landfyllingar verði áfram á dagskrá. Í umfjöllun um áhrif fyrnefnnds korts segir að líklega verði neikvæð áhrif á staðbundin loftgæði og hljóðvist. Síðan segir: „*Með því að draga úr umferðarhraða með sértækum aðgerðum er hægt að draga frekar úr áhrifum umferðar á loftgæði og hljóðvist við Mýrargötu*“. Umhverfisstofnun tekur undir stefnu aðalskipulagstillögunnar um að sleppa uppfyllingum við Ánanaust og Örfirisey, þar sem það hlífir strandlengju og s.k. verbúðum að hluta. En þar sem áhrif af að sleppa því að setja Mýrargötu í stokk eru neikvæð bæði á loftgæði og hljóðvist, er mikilvægt að mati stofnunarinnar að hinrar sértæku aðgerðir s.s. að minnka hámarkshraða, setja upp hraðahindranir o. fl. verði framkvæmdar jafnóðum og önnur uppbygging á svæðinu á sér stað.

### Verndarsvæði

Í töflu 3.14 í umhverfisskýrslu er farið yfir náttúruverndarsvæði þar sem áætlun um aðalskipulag kann að hafa áhrif. Þar kemur fram að gert er ráð syrir brú syrir vistvænar samgöngur yfir Fossvog. Einnig kemur fram að verndarsvæðið Skerjafjörður sem er á náttúruverndaráætlun 2004 - 2008 geti orðið syrir áhrifum af þveruninni yfir Fossvog. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að staðið verði þannig að framkvæmdum vegna brúar yfir Fossvog að ekki verði neikvæð sjónræn áhrif af þveruninni á útvistarsvæðin og byggðina umhverfis. Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að áætlanir geri ráð syrir nægjanlegum vatnaskiptum undir áætlaða brú þannig að lífríki í Fossvogi verði ekki hætta búin af tilkomu brúarinnar.

### **Landnýting og uppbygging**

Í umfjöllun um landnýtingu og uppbyggingu kemur fram að stór hluti svæðis þar sem þéttu á byggð er áætlaður á vannýttu athafnasvæði þ.e. röskuðu svæði, eða alls 226 ha (tafla 3.11 bls. 49 í C1). Að mati Umhverfisstofnunar er asar jákvætt að nýta þegar röskuð svæði til uppbyggingar og forðast þannig að raska svæðum sem eru lítt snortin. Einnig kemur fram í sömu töflu að opin svæði með útvistargildi sem nýta á til þettingar byggðar séu alls 12 ha. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma skýrar fram hvaða svæði með útvistargildi eru tekin undir byggð.

### **Efnistaka**

Í umfjöllun um efnistöku kemur fram að í tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030 eru nokkrir stærri efnistökustaðir skilgreindir. Einnig kemur fram að enginn þeirra hefur framkvæmdaleyfi í dag, og bendir Umhverfisstofnun á að rekstur náma án framkvæmdaleyfis er óheimill. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 150.000 m<sup>3</sup> eða meiri eru framkvæmdir sem eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Þar af leiðandi eru Bakki, og Álfnes matsskyldar framkvæmdir eins og fram kemur í töflunni, en Varmidalur er tilkynningaskyld framkvæmd til Skipulagsstofnunar ef áætluð efnistaka er allt að 150.000 m<sup>3</sup>, en matsskyld ef áætluð efnistaka fer yfir það. Frágengnar námur á ekki að merkja sem námur á uppdrætti, þar sem efnistaka úr þeim er ekki áætluð á skipulagstímabilinu.

Umhverfisstofnun vill minna á námu í Geldinganesi er staðið hefur opin og ónotuð lengur en í 3 ár. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að marka stefnu um landnotkun og frágang námunnar.

### **Úrgangsmál**

Umhverfisstofnun tekur undir markmið um uppbyggingu gasgerðarstöðvar í Álfnesi. Um leið bendir stofnunin á mikilvægi þess að unnið sé að því að komið verði í veg fyrir lyktarmengun frá Álfnesi. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að neikvæð sjónræn áhrif frá áætlaðri gasgerðarstöð verði sem minnst m.a. á vegfarendur um Vesturlandsveg. Gasgerðarstöðin verður staðsett þar sem nú er nokkuð óröskuð ásýnd séð frá Vesturlandsvegi og því er mikilvægt að hugað sé að mögulegum sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar.

### **Fráveita**

Í umfjöllun um fráveitu í greinargerð kemur fram að fráveitukerfið uppfyllir þær kröfur sem til þess eru gerðar í lögum og reglugerðum um hreinsun frárennslis. Í umhverfisskýrslu kemur fram að báðar hreinsistöðvarnar (Ánanauð og Klettagarðar) eru með eins þreps hreinsun og með útrás sem endar í um 4 - 5 km frá landi. Í reglugerð nr.798/1999 um fráveitur og skólp er

skilgreining á eins þreps hreinsun:

*Eins þreps hreinsun* er hreinsun skólps með aflfræðilegum og/eða efnafræðilegum aðferðum þar sem svifagnir eru botnselldar eða önnur hreinsun þar sem BOD<sub>5</sub>-gildi skólps er lækkað um að minnsta kosti 20% áður en það er losað og heildarmagn svifagna í skólpi er lækkað um að minnsta kosti 50%.

Ekkert kemur fram um árangur af eins þrepa hreinsuninni og hvort framkvæmdin sé í samræmi við ákvæði reglugerða. Í töflu yfir losun mengunarefna (kg/ári) frá hreinsistöðvum í Reykjavík 2011 kemur fram losun á köfnunarefni, fosför, arsen, kadmimum o.fl. eftir Sagt er um töfluna að efnin séu yfir viðmiðunarmörkum. Að mati Umhverfisstofnunar kemur ekki fram við hvaða mörk er miðað í töflunni, og telur stofnunin að skýringar skorti. Einnig kemur fram að samkvæmt lögum nr. 106/2000, viðauka 1 eru skólpheinsistöðvar með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira, háðar mati á umhverfisáhrifum. Ekkert kemur fram hver afkastageta hreinsistöðva Reykjavíkurborgar er, en að mati Umhverfisstofnunar þyrfti það að koma fram til viðmiðunar.

### Vatnsmýrin

Í töflu 4.1. á bls. 65 í umhverfisskýrslu kemur fram að varðandi þróun og uppbyggingu svæðisins í Vatnsmýrinni ef af áætlun verður, er gert ráð fyrir neikvæðum og jákvæðum umhverfisáhrifum. Þar kemur fram að jákvæðu áhrifin tengjast þéttingu byggðar og bættri hljóðvist, en þau neikvæðu felist í aukinni umferð um svæðið og neikvæðum áhrifum þess.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að Tjörnin og Vatnsmýrin, Reykjavík er svæði nr. 120 á náttúrumínjaskrá, en í skránni segir: „*Tjarnir allar með hólmum og bökkum. Vatnsmýrin milli Hringbrautar, Norræna hússins og Háskólavallar, sem nú er bílastæði. Mikið fuglalíf, varpland í miðri borg. Vinsælt útvistarsvæði.*“

Í ofangreindri töflu kemur einnig fram að ákveðin óvissa sé um afleiðingar á vatnsbúskap Vatnsmýrarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vatnsbúskapur tjarnarinnar verði hafður í huga við þróun alls svæðisins og að votlendi Vatnsmýrarinnar sem enn er óraskað verði hlíft. Í 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd kemur fram að mýrar og flóar 3 hektarar að stærð eða stærri, njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Umhverfisstofnun telur afar mikilvægt að við endurskoðun um þróun svæðisins Vatnsmýri - Reykjavíkurflugvöllur verði þess gætt að ekki komi til neikvæðra áhrifa á grunnvatnsstreymi svæðisins.

Samkvæmt umsögn Náttúruverndar ríkisins, nú Umhverfisstofnunar um deiliskipulag fyrir Háskóla Íslands - breyting á svæði austan Oddagötu, frá 22. febrúar 2002, var sú kvöð á lóð merkt A-F á deiliskipulagsupprætti að á svæðinu yrði komið upp sérstöku vöktunarkerfi á byggingarreitum bílageymslna til að fylgjast með áhrifum framkvæmda á grunnvatn að ósk Umhverfisstofnunar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ofangreint vöktunarkerfi og niðurstöður þess verði skoðaðar nú þegar þróun Vatnsmýrarinnar er til athugunar.

### Elliðaárvogur - landfylling

Í töflu 4.1 ábls 65 kemur fram að gert er ráð fyrir a.m.k. 5 ha fyllingu í Elliðaárvogi og að landfyllingin sé mögulega tilkynningaskyld. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 10. gr. I í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar. Áætluð landfylling

í Elliðavogi er því tilkynningaskyld framkvæmd.

### **Brú yfir Fossvog**

Gert er ráð fyrir brú yfir Fossvog fyrir vistvænar samgöngur. Fram kemur í umhverfismati áætlunarinnar að áhrif á landslag/ásýnd og útvistarsvæði verði neikvæð. Umhverfisstofnun tekur undir þetta og bendir á mikilvægi þess að áætlanir muni gera ráð fyrir nægjanlegum vatnaskiptum undir áætlaða brú þannig að lífríki í Fossvogi verði ekki hætta búin af tilkomu brúarinnar. Einnig telur stofnunin mikilvægt að hugað verði vel að því að ekki verði neikvæð sjónræn áhrif af áætlaðri brú á útvistarsvæðin og byggðina umhverfis.

### **Bláfjallafólkvangur Þríhnúkagígur**

Reykjavíkurborg er aðili að rekstri Bláfjallafólkvangs og þar sem að framkvæmdir við Þríhnúkagíg eru á áætlun vill Umhverfisstofnun benda á að Þríhnúkagígur er staðsettur innan Bláfjallafólkvangs og um fólkvanginn gilda eftirfarandi reglur:

1. Fótgangandi fólk er heimil för um allt svæðið, og óheimilt er að reisa þar girðingar eða annars konar tálmanir, á þann veg að umferð fólks torveldist.
2. Óheimilt er að gera á svæðinu jarðrask nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.
3. Stefnt skal að því, að svæðið skuli skipulagt til skíðaiðkana eftir því, sem efni þykja til, en hvers konar mannvirkjagerð er háð samþykki Umhverfisstofnunar.
4. Stjórn fólkvangsins er heimilt að takmarka eða banna umferð vélknúinna farartækja innan marka fólkvangsins.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 38. gr. laga um náttúruvernd þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að spilt verði friðlýstum náttúrumínjum. Framkvæmdir í Bláfjallafólkvangi eru því háðar leyfi frá Umhverfisstofnun.

### **Esjan**

Umhverfisstofnun minnir á að Esjan er kennileiti höfuðborgarsvæðisins og telur stofnunin mikilvægt að mörkuð sé stefna um landnotkun í Esjuhlíðum, hvar framkvæmdir eigi rétt á sér og hver áhrif þeirra á ásýnd fjallsins gætu orðið.

Virðingarfallst

Kristin S. Jónsdóttir  
Kristin S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun